

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 183 21. okt. 1960, um heimilishjálp í Kelduneshreppi.

1. gr.

1. málsliður 5. greinar reglugerðarinnar orðist þannig:

Fyrir heimilishjálp ber þeim, sem hennar njóta, að greiða einn þriðja af kaupri hjálparstúlkunnar, eins og það er ákveðið á hverjum tíma, auk fæðis og gistingar fyrir hjálparstúlkuna.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Kelduneshrepps hefur samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952, um heimilishjálp, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 29. marz 1965.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Jón S. Ólafsson.

SAMÞYKKT

fyrir Vatnsveitufélag býlanna Nýibær, Fornusandar og Efri-Rot í Vestur-Eyjafjallahreppi.

1. gr.

Félagið heitir Vatnsveitufélag Nýjabæjar, Fornusanda og Efri-Rota. Heimili þess og varnarþing er í Vestur-Eyjafjallahreppi í Rangárvallasýslu.

2. gr.

Markmið félagsins er að sjá býlum á félagssvæðinu fyrir vatni.

3. gr.

Stofnendur félagsins eru eigendur og ábúendur býlanna Nýjabæjar, Fornusanda og Efri-Rota. — Hver stofnandi greiðir tvö þúsund krónur sem stofngjald.

4. gr.

Ábúendur nýrra býla á félagssvæðinu má taka í félagið með samþykki lögmeats aðalfundar. Nýr félagsmaður greiðir tvö þúsund krónur sem stofngjald. Þó getur aðalfundur ákveðið aðra upphæð, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Nýr félagsmaður verður að kosta allar framkvæmdir, sem gera verður sérstaklega, til að hann geti notað mannvirki félagsins.

5. gr.

Vatnsskatt skal innheimta árlega. Skal félagsstjórn ákveða upphæð hans þannig fyrir hvert reikningsár, að nægi greiðslu vaxta, afborgana og viðhalds. Vatnsskattur greiðist í hlutfalli við stofngjald hvers aðila. Vatnsskatt má taka lögtaki, ef ekki er staðið í skilum.

Eignir félagsins standa til fullnægingar skuldbindingum þess. Enginn félagsmaður ber ábyrgð á skuldbindingum félagsins umfram þau gjöld, sem honum er gert að greiða samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar.

6. gr.

Félagsstjórn er skylt að boða til fundar, ef þrír félagar eða tveir stjórnarmenn krefjast þess, enda greini þeir tilefni kröfunnar.

7. gr.

Félagsfundur er lögmætur, ef helmingur félagsmanna sækir hann, enda hafi verið löglega til hans boðað. Fundur er löglega boðaður, ef hverjum félagsmanni er tilkynnt fundarboð bréflega eða persónulega með fimm daga fyrirvara. Á félagsfundum hafa allir félagsmenn jafnan rétt og ræður afl atkvæða úrslitum.

8. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Til hans skal boða með viku fyrirvara, bréflega eða persónulega. Aðalfundur er lögmætur ef allir félagsmenn sækja hann. Hafi þrisvar sinnum verið boðið til aðalfundar vegna ónógrar fundarsóknar, telst þriðji fundurinn lögmætur, hver sem fundarsókn er. Á aðalfundi skulu teknar ákvarðanir um starfsemi félagsins á árinu, lagðir fram reikningar af stjórn félagsins, en hana skipa þeir þrír menn, sem að félagsstofnun standa. Liggi önnur mál fyrir aðalfundi en venjuleg aðalfundarstörf, skal þess getið í fundarboði.

9. gr.

Stjórn félagsins skiptir með sér verkom.

Störf stjórnar skulu ólaunuð. Formaður kveður stjórnina saman til fundar og boðar félagsfundi og aðalfundi. Stjórnarfundir eru því að eins lögmætir, að allir stjórnarmenn séu mættir. Færa skal gerðabók stjórnarfunda og skal ritari stjórnarinnar lesa fundargerð í lok hvers fundar og undirrita hana, ásamt formanni, þegar hún hefur verið samþykkt.

10. gr.

Stjórn félagsins hefur umsjón með vatnsveitunni, annast reikningshald hennar og innheimtu á gjöldum til félagsins. Hún sér um viðgerðir og viðhald á vatnsveitunni. Viðhald heimæða og umbúnað í húsum annast félagsmenn hver hjá sér.

11. gr.

Samþykkt þessari má ekki breyta, nema á aðalfundi, enda hafi breytinganna verið getið í fundarboði og séu að minnsta kosti $\frac{2}{3}$ félagsmanna samþykkir þeim.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af Vatnsveitufélagi Nýjabæjar, Fornu-sanda og Efri-Rota í Vestur-Eyjarfjallahreppi, staðfestist hér með samkvæmt vatna-lögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftir-breytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 29. marz 1965.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.